



Núverandi ástand



Mælikvarði 1:1000

Tillaga að breyttu deiliskipulagi



Mælikvarði 1:1000

GREINARGERÐ

Reiturinn markast af Ásgarði og Bústaðavegi, en er hluti skipulags stærra svæðis, sem nær frá Réttarholtsvegi í vestri að Tunguvegi í austri, frá hitaveitustokkum í norðri að Bústaðavegi. Skipulag svæðisins alls er samþykkt í byggingarnefnd Reykjavíkur 12. maí 1955 og er höfundur þess Gísli Halldórsson arkitekt. Svæðið er skipulagt sem íbúðarsvæði með stórum leikvelli fyrir miðju þess.

Efst við Ásgarðinn var gert ráð fyrir verslunarhúsi, kyndistöð og spennistöð samanber samþykktan uppdrátt frá 18. apríl 1956. Svæðið byggðist upp um og eftir 1960 og var byggðin fullmótuð um 1964. Svæðinu hallar verulega til suðurs, þannig stallast byggðin niður að Bústaðavegi. Frá byggðinni er fallett og vítt útsýni yfir Kópavog, Breiðholtin, til fjalla og út á sjó. Húsagerðin eru lítil tveggja hæða raðhús byggð á vegum Reykjavíkurbæjar.

Árið 1959 er samþykkt 3½ hæða fjölbýlishús ofan við Ásgarðinn nr. 73-77, samtals 18 íbúðir. Sama ár var samþykkt tveggja hæða verslunar- og íbúðarhús við Ásgarð 22-24, neðri hæð og kjallari fyrir verslun og lager, efri hæð fyrir 4 íbúðir. Þá var gert ráð fyrir bílskúrum byggðum inn í landið frá suðri og bílastæðum á þaki með aðkomu frá Ásgarði, einnig var kvöð um umferð flutt af lóð niður á göngustíginn sunnan við lóðina. Þetta bílafyrirkomulag kom ekki til framkvæmda og var lóðin lengi ófrágengin að hluta til.

Árið 1986 er samþykkt 2-3 hæða fjölbýlishús, nr. 18-20, þar sem áður stóð ketilhús og spennistöð, samtals 14 litlar íbúðir og var 21 bílastæði komið fyrir á lóð (f. 18 íbúðir) en 23 við Ásgarð.

Samkvæmt hverfaskipulagi borgarhluta 5 samþ. í júní 1988 er lagt til að gengið verði frá lóðinni nr. 18-24 við Ásgarð.

Í nóvember 1989 var samþykkt í skipulagsnefnd Reykjavíkur íbúðarhús við Ásgarð 24A, 2 hæðir og kjallari með 5 íbúðum ásamt 2 bifreiðastæðum í kjallara.

Í maí 1990 var samþykkt í byggingarnefnd Reykjavíkur íbúðarhús á sömu lóð, 2 hæðir og kjallari með 4 íbúðum ásamt einu bílastæði í kjallara. Samkvæmt þeirri samþykkt er ákveðið að húsið rísi.

Með tilkomu hússins nr. 24A við Ásgarð telst reiturinn nú fullbyggður.

Samkvæmt samþykktum skipulagsnefndar og borgarráðs 4. og 5. sept. 1995 er óskað eftir að breyta verslunarhúsnæði í íbúðarhúsnæði og fjölga þar með íbúðum frá áður staðfestu deiliskipulagi frá 1992, en byggingarmagn mun ekki aukast. Í samræmi við þetta er bílastæðum breytt og aukið við græna fleti við íbúðir.


Lóðarstærðir - nýting - fjöldi íbúða

	Lóðastærð	Byggingarmagn	Nýting	fj.íb.
Ásgarður 2-8	2271 m ²	816.1 m ²	0.36	4
Ásgarður 10-16	1582 m ²	812.8 m ²	0.513	8
Ásgarður 18		586.8 m ²		9
Ásgarður 20	1977 m ²	287.2 m ²	0.87	5
Ásgarður 22-24		855 m ²	1.128	10
Ásgarður 24a		502 m ²		5
Ásgarður 26-32	1518 m ²	716.6 m ²	0.47	8
Ásgarður 34-40	1844 m ²	843.9 m ²	0.457	4
Leikvöllur	1720 m ²			
Stígur milli lóða	248 m ²			
Samtals	11.260 m ²		f. 0.436/ e. 0.48	53

STAÐGREINIREITUR 1.834.2

Ásgarður 2 - 40

Deiliskipulag. Reiturinn afmarkast af Ásgarði og Bústaðavegi.



Skipulagsbreyting þessi var samþykkt í skipulagsnefnd Reykjavíkur þann 04.09.1995.

Þorvaldur Þorvaldsson
BORGARSKIPULAG REYKJAVÍKUR

Skipulagsbreyting þessi var samþykkt í borgarráði þann 05.09.1995

Dr. Guðbjörg Þorvaldsson
BORGARSTJÓRN REYKJAVÍKUR

Skipulagsuppdráttur þessi var staðfestur í skipulagsstjórn ríkisins samkvæmt 3. og 4. málsgr. 19.gr. skipulagslaga nr. 19/1964 þann

13. september 1995
Guðmundur E. Þorðsson
Ragnar V. Þorvaldsson
Sigurður Þ. Þorvaldsson
Jón Rögvaldsson
Álfheiður